

Vinnuregla fyrir útgáfu lyfjaskírteinis

Öndunarfæralyf

ATC flokkur: R03A adrenvirk lyf til innúðunar
R03B önnur lyf til innúðunar gegn teppusjúkdómum í öndunarvegi
Dagsetning: 1. janúar 2010

Sjúkratryggingar taka þátt í greiðslu hagkvæmustu pakkninga í ATC flokkunum R03A og R03B og eru þær B-merktar í lyfjaverðskrá. Sé þeim pakkningum ávísað á lyfseðli þarf **ekki** að sækja um lyfjaskírteini.

Ef meðferð með hagkvæmasta lyfinu reynist ófullnægjandi eða aukaverkanir vegna þess koma í veg fyrir notkun, getur læknir sótt um lyfjaskírteini fyrir öðru lyfi. Umsókn skal vera vel rökstudd. Tilgreina skal m.a. hvaða lyf hafi verið notað, skammta og í hve langan tíma.

ASTMI

Greining (ICD-10 J45) skal staðfest með öndunarmælingu (spirometry), berkjuauðreitniþrófi, áreynsluþrófi eða Peak flow mælingu. Í umsókn skal koma fram hvaða mæling hafi verið gerð og niðurstöður sem styðja astmagreininguna. Ekki er þörf á sérstökum rannsóknum ef staðfest er fyrri astmagreining og meðferð gengið vel.

Samsett lyf (barksteri og langverkandi berkjuvíkkandi (beta-2-örvandi) lyf til innöndunar) eru ekki ætluð til upphafsmeðferðar á astma.

Skilyrði fyrir útgáfu lyfjaskírteinis fyrir samsettum lyfjum:

- þegar meðferð með barksterum til innöndunar og stuttverkandi berkjuvíkkandi (beta-2-örvandi) lyfjum hefur reynst ófullnægjandi
- og
- þegar meðferð með barksterum til innöndunar og langverkandi berkjuvíkkandi (beta-2-örvandi) lyfjum í sitt hvoru innöndunartækinu hefur reynst vel. Leitast skal við að finna út lægsta skammt sem nær að halda einkennum niðri með hvoru lyfi fyrir sig áður en skipt er yfir í samsett lyf.

[Sjá fylgiskjal 1.](#)

LANGVINN LUNGNATEPPA (LLT)

Greining (ICD-10 J43 eða J44) skal staðfest með öndunarmælingu (spirometry)

Skilyrði fyrir útgáfu lyfjaskírteinis

- fyrir Spiriva: $FEV_1 \leq 65\%$ af áætluðu gildi
- fyrir samsett lyf: $FEV_1 \leq 50\%$ af áætluðu gildi

Áætluð gildi miðast við mælingar eftir berkjuvíkkun.

Skilyrði að sjúklingur hafi umtalsverð einkenni þrátt fyrir reglulega meðferð með berkjuvíkkandi lyfjum og sögu um endurtekna versnun (tvær eða fleiri versnanir sem hafa leitt til sýklalyfjagjafar eða sterameðferðar um munn á síðasta ári).

Viðbótarmeðferð með innúðastera hjá sjúklingum með LLT ætti að endurmeta ef engin breyting verður á einkennum eða öndunarmælingu.

[Sjá fylgiskjal 2.](#)

Greiðsluþátttaka sjúkratrygginga:

B-merkt

Gildistími:

3 ár

Vinnureglan var borin undir stjórn félags íslenskra lungnalækna og félags íslenskra ofnæmis- og ónæmislækna.

Heimildir:

SIGN/BTS. British Guideline on the Management of Asthma. Guideline No. 101. May 2008 (Revised June 2009) Sótt 1 nóvember 2009 á vef:

<http://www.sign.ac.uk/guidelines/fulltext/101/index.html>

GINA Global Initiative for Asthma. Guidelines GINA Report, Global Strategy for Asthma Management and Prevention

<http://www.ginasthma.org/Guidelineitem.asp??i1=2&i2=1&intId=1561>

GOLD Global Initiative for Chronic Obstructive Lung Disease. Guidelines Global Strategy for Diagnosis, Management and Prevention of COPD

<http://www.goldcopd.org/Guidelineitem.asp?i1=2&i2=1&intId=2003>

NICE. Chronic Obstructive Pulmonary Disease: Management of chronic obstructive pulmonary disease in adults in primary and secondary care. Clinical Guideline 12. 2004.

<http://guidance.nice.org.uk/CG12>

Refusjonsrapport – preparat til behandling av kronisk obstruktiv lungesykdom

<http://www.legemiddelverket.no/upload/Refusjonsrapport%20Spirivia.pdf>